

á stórfiski 52 kr. og þó þá lægra á öðrum fiski, og eins hitt, að 52 kr. virðist hafa verið verð á þessari tegund saltfisks fyrir norðan 1902, þá verður eigi álitnið, að áfrýjendur hafi í þessu efni farið út fyrir umboð sitt.

Samkvæmt því, er að framan hefir verið tekið fram, virðist eiga að taka til greina kröfu áfrýjendanna að öðru leyti en því, að dregið sé verð 1 skpd. af stórfiski frá kröfu þeirra, eða 52 krónur, og er þá lögð til grundvallar skippundatala fisksins eftir farmskránum, er fylgdu fisksendingunum til stefnda. Ber því að dæma stefnda til að greiða áfrýjendunum 733 kr. 02 aur. með 6% vöxtum eins og fyr segir. Málskostnaður virðist eiga að falla niður fyrir báðum réttum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Ásgeir kaupmaður Sigurðsson greiði áfrýjendunum, kaupmönnum Kolbeini Árnasyni og Ásgeiri Péturssyni, 733 kr. 02 aur. með 6% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 25. dag. nóvembermánaðar.

No. 35/1907:

Réttvísinn
gegn

Kristjáni Hallbirni Kristjánssyni.

D ó m u r:

Ákærði Kristján Hallbjörn Kristjánsson frá Asgerðarseli í Eyjafjarðarsýslu, sem er fæddur 2. ágúst 1888, var

með aukaréttardómi Eyjafjarðarsýslu 20. júní þ. á. dæmdur fyrir kindajófnæð og svik samkvæmt 231. og 255. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta betrunarhússvinnu í 8 mánuði og til að greiða iðgjöld til Steingríms Jónssonar og Friðbjargar Halldórsdóttur, 11 kr. til hvors þeirra, og allan af málinu og varðhaldi hans löglega leiðandi kostnað. En dómi þessum hefir eftir ósk hins dómfelda verið áfrýjað til yfirdómsins.

Ákærði rak hinn 7. október f. á. 4 kindur (3 veturgamlar og eina eldri) úr Skagafirði heim til sín að Ásgerðarstaðaseli. Lét hann 2 af kindunum til húsbónda síns í skiftum fyrir brút og 3 kr. í peningum, en 2 kindurnar rak hann nokkuru síðar til Akureyrar og slátraði þeim þar, og seldi afurðirnar og hagnýti sér andvirðið.

Ferðalag ákærða, sem fór óvanalega leið með kindurnar, þótti þegar grunsamlegt, enda reyndist það, að 2 af kindunum hafði verið stolið frá eigendum þeirra, Steingrími bónda Jónssyni á Silfrastöðum í Skagafirði og stúlkunni Friðbjörgu Halldórsdóttur sama staðar. En um hinar 2 kindurnar hefir ekkert orðið upplýst um mörk á eða hver ætti þær. Ákærði skýrði svo frá, fyrst er hann var spurður um hvaðan hann hefði haft kindur þessar, að hann hefði hjá beitarhúsum í Silfrastaðalandi hitt mann nokkurn, er hann þekti ekki, en nefndi sig Jóhannes Steingrímsson og ákærði því ætlaði að væri sonur bóndans þar, er heitir þessu nafni, og hafi maður þessi selt sér kindurnar, 3 fyrir 11 kr. hverja og 1 fyrir 12 kr. Hafi ákærði borgað 15 kr. þá þegar af andvirði kindanna, en 30 kr. hafi hann átt að borga hinum óþekta manni fyrir 1. júní næsta ár heima hjá sér í Ásgerðar-

staðaseli eða »hvar sem þeir hittust«, hann og seljandinn. Eftir að málið var tekið til rannsóknar, kannaðist ákærði við, að maðurinn, er seldi honum kindurnar, hafi eigi getað verið Jóhannes Steingrímsson frá Silfrastöðum, því að hann hefði séð hann síðar og væri hann eigi sá, er hann hefði átt kaupin við, en hann hefði eigi þekt Jóhannes áður í sjón. Kvaðst ákærði þá og eigi vera í vafa um, að kindurnar væru stolnar, og hefði óþekti maðurinn, sem seldi honum þær, logið til nafns síns, en sjálfur væri hann saklaus af kindastuldinum. Þessi sögusögn ákærða um kaupin af hinum óþekta manni er þó í sjálfu sér ræsta ósennileg og styðst ekki við neitt, sem upplýst er í málinu. Þó að ákærði hafi lýst ítarlega útliti manns þess, er hann þykist hafa átt kaupin við, þá hefir enginn maður fundist þar nærlendis, er sú lýsing gæti átt við. Það hefir og sannast, að skýrsla ákærða um peninga þá, er hann þykist hafa notað til að borga nokkuð af andvirði kindanna, er uppspuni einn, en öll líkindi til, eftir skýrslum kunnugra manna, þar á meðal föður ákærða, að ákærði hafi enga peninga, er nokkuru næmi, haft til að borga með. Það eru einnig framkomnar sterkar líkur fyrir því, að ákærði hafi þekt Jóhannes Steingrímsson í sjón þegar áður en hann átti að hafa keypt kindurnar, og að hann hafi því ekki getað vilst á honum, svo að saga hans um óþekta manninn sé hreinn tilbúningur. Það þykir því eftir atvikum málsins mega álíta það nægilega sannað, sbr. tilsk. 18. sept. 1841, 6. gr., að ákærði hafi sjálfur stolið kindum þeim, er hann er kærður um tóku á.

Viðvíkjandi ákærinni um svik er það sannað með eigin játningu ákærða og öðrum skýrslum, að haustið

1905 seldi ákærði úrfesti, um 2 kr. virði, er hann hafði fengið léða, án vilja og vitundar eigandans, og hagnýtti sér andvirðið. Festinni hefir verið skilað aftur eigand-
anum.

Afbrot ákærða, sem kominn er yfir lögaldur saka-
manna og eigi hefir verið refsað áður fyrir neitt lagabrot,
eru réttilega heimfærð af héraðsdómaranum undir 231. og
255. gr. alm. hegningarlaga; og með því að hin ídæmda
hegning þykir eftir atvikum nægileg, sbr. 63. gr. hegn-
ingarlaganna 3. málsg., og yfirdómurinn einnig felst á
ákvæði aukaréttardóms um iðgjöld og málskostnað,
ber að staðfesta téðan dóm í öllum greinum. Ákærða
ber og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leið-
andi kostnað, þar með talin málflutningslaun sækjanda
og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og máls-
færslan við yfirdóminn lögmat.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Ákærði
Kristján Hallbjörn Kristjánsson greiði og allan áfrý-
junarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun
til sækjanda og verjanda við yfidóminn, málflutn-
ingsmannanna Eggerts Claessen og Odds Gíslasonar
10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd iðgjöld greiðist innan 8 vikna frá lögbirth-
ing dóms þessa og honum að fullnægja með aðför
að lögum.